

Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti

Umsögn í Samráðsgátt S-172/2020, frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Staða og þróun nýtingu sjávargróðurs við Breiðafjörð.

Tekja og vinnsla afurða úr þangi og þara sér langa hefð á Vestfjörðum og eru að grunni til hlunnindi sem sjávarjarðir áttu um aldir. Stærsti aðili á þessu sviði í dag er Þörungaverksmiðjan á Reykhólum sem stundar tekju og vinnsla þangs frá vori og fram á haust, er þessi þáttur unnin í samráði við landeigendur enda meginhluta þangs slegið innan marka sjávarjarða til sjávar. Að vetri er það þari tekinn upp með kröflu á dýpra vatni utan marka sjávarjarða. Verksmiðjan nýtir jarðvarma á Reykhólum til þurrkunar afurða og orkusali rafmagns tryggir að það sé framleitt með sjálfbærum hætti. Vinnsla og afurðir verksmiðjunnar eru lífrænt vottaðar af vottunarstöðinni Tún. Verksmiðjan er í meirihlutaeigu erlendra aðila og meginhluti afurða fer til útflutnings sem hráefni í ýmsar vörur en að meginhluta í matvælaíðnaði.

Ákvörðun um staðsetningu verksmiðjunnar á áttunda áratug síðustu aldar var stjórnvaldsákvörðun, um að auka hagnýtingu náttúruauðlinda á Íslandi, nýta jarðhita á Reykhólum og auka útflutningsverðmæti. Ákvörðunin leiddi til eflingar þéttbýlis á Reykhólum, jók fjölbreytni atvinnutækifæra og styrkti annað atvinnulíf á svæðinu m.a. landbúnað með því sækja mátti vinnu við þangtekju samhliða hefðbundnum búrekstri. Byggðaáhrif þessara stjórnvaldsákvörðunar var því veruleg fyrir Vestfirði og mikil fyrir atvinnusóknarsvæði í kringum Reykhóla og kemur það til viðbótar öðrum markmiðum sem stjórnvöld settu sér með verkefninu.

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á mikilvægi rannsókna á lífríki Breiðafjarðar og hagnýting lífríkis sé með sjálfbærum hætti og ekki verði óendurkræfur skaði á lífríki vegna nýtingar. Á níunda og tíunda áratug síðustu aldar voru rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar því eflar með stofnun Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands. Hafrannsóknastofnun var með rannsóknir fyrir á svæðinu og jók þær verulega fyrir um fimm árum síðan samhliða auknum áhuga á nýtingu þangs og þara í Breiðafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur einnig verulegu hlutverki að gegna í rannsóknum á þessu svæði. Samspil þessara aðila er mikilvægt því nýting þangs og þara skarar rannsóknarvettvang.

Um aðdraganda frumvarps.

Eins og lýst er í greinargerð með frumvarpinu þá var aukinn áhugi fyrir nýtingu þangs og þara um miðjan þennan áratug. Kom þá í ljós að lagarammi fyrir stjórnun nýtingar og verndun þangs og þara og annars lífríkis Breiðafjarðar var veikur. Með nokkrum hraði var unnið að setningu laga (47/2017) um nýtingu sjávargróðurs sem gætti hagsmuna starfandi fyrirtækja en opnaði fyrir starfsemi nýrra fyrirtækja en þá undir regluverki sem ekki var áður til staðar.

Í umræðu við undirbúning laganna var lögð áhersla á að með lagasetningu væri kominn nauðsynlegur rammi en þann ramma yrði að endurskoða þegar auknar rannsóknir á lífríki lægju fyrir og þróun atvinnugreingarinnar. Því var í lögum nr. 49/2017 mælt fyrir um skyldu til að hefja

endurskoðun laganna eigi síðar en í október 2020 en auk þess er mælt fyrir um að ákvæði laganna falli í heild úr gildi 1. janúar 2023.

Á grundvelli þessara ákvæða eru þessi drög að frumvarpi lögð fram. Er meginefni frumvarpsins fjórþætt: - að regluverk verði einfaldað.

- að afnumin verði heimild til að leyfisbinda móttökustöðvar fyrir þang.
- að tekin verði upp skylda til setningar nýtingaráætlana fyrir þangfjörur.
- að reinastjórn verði viðhaldið við öflun sjávargróðurs utan fjöru.

Tekið er til umfjöllunar í greinargerð staða nýtingar, rannsókna og þróun atvinnugreinarinnar. Umsvif sé sýnu minni en ætlað var við setningu laganna, rannsóknir hafi farið fram og stöðuleiki ríki í starfsemi fyrirtækja. Megi því einfalda regluverk, leggja af leyfisbindingu móttökustöðva og nýting verði tengd við skip auk fleiri atriða. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur þetta ekki ásættanlega niðurstöðu.

Staða byggðar og markmið stjórnvalda í byggðamálum.

Fjórðungssambandið leggur áherslu á hagsmuni smærri byggðarlaga og strjálbýlis og að þessir hagsmunir verði hafðir í fyrirrúmi við endanlega gerð frumvarpsins. Leggja verður áherslu á almenn ákvæði laga 1. gr laga 116/2006 að verndun og hagkvæm nýting nytjastofna tryggi trausta atvinnu og byggð í landinu. Eins skal tilgreind samþykkt Alþingis um Byggðaáætlun 2018-2022, þar sem sett eru yfirmarkmiðin; að jafna tækifæri til atvinnu og að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Nefna ber í þessu samhengi að sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur lýst áhyggjum yfir íbúáþróun í sveitarfélaginu. Hæg en örugg fjölgun íbúa síðasta ártugar hefur stöðvaðist og íbúum fer nú fækkandi og eru nú líkt og árinu 2015. Rétt er því að nefna Byggðastofnun er í samstarfi við sveitarfélög og Vestfjarðastofnu um þrjú verkefni á Vesfjörðum innan Brothættar byggða. Í þessum verkefnum kemur fram að veiðar og vinnsla sjávarfangs sé mikilvægur þáttur í skapa festu í atvinnulífi byggðarlaganna og skapar um leið umhverfi til að þróa ný atvinnutækifæri.

Minnt er á að samhliða þessu frumvarpi liggur fyrir í Samráðsgátt kynning á frumvarpi um nýja ráðstöfun á byggðatengdum fiskveiðiheimildum, svokölluðum 5,3% byggðapotti. Tilgreint frumvarp byggir á skýrslu starfshóps ráðuneytisins sem hafði breiða skýrskotun til byggðamála og samspil þeirra mála við markmið um fiskveiðistjórnun.

Leiðir til að ná markmiðum laga um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur markmiðssetning frumvarps um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni nái ekki inn þeim mikilvægum markmiðum sem stjórnvöld hafa sett sér á öðrum sviðum en stjórnun á nýtingu nytjastofna. Eins með vísan til stöðu og þróunar nýtingu þangs og þara við Breiðarfjörð, þá telur Fjórðungssambandið að aðdragandi þessa frumvarps eigi að vera með með breiðari skýrskotun. Þar sem taka verði inn sjónarmið varðandi áherslur s.s. byggðamálum, skörun rannsókna og eðli nýtingar, sem liggi nær landbúnaði en hefðbundnum nýtingu annarra auðlinda sjávar. Einnig þarf að taka til umfjöllunar hvernig staðið sé að vinnslu afurða í dag og hvort verðmæti þeirra sé ásættanlegt fyrir samfélagið í Reykhólahreppi og íslenskt

Þjóðarþú. Að lokum hvernig megi standa að nýsköpun í þróun afurða og auka þannig verðmæta þeirra.

Telur Fjórðungssambandið að kalla verði til víðtæks samráðs við undirbúning á endurskoðun laga 49/2017 og beðið verði með vinnslu frumvarpsins þar til þeirri umfjöllun sé lokið. Er tillaga Fjórðungssambandsins að settur verði á laggirnar starfshópur líkt og við undirbúning frumvarps varðandi við 5,3% byggðpotts.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri